

17. febrúar 2020

Dekkjahöllin ehf.
Þverklettur 1
700 Egilsstaðir

Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir hjólbarðaverkstæði og smurstöð að Þverklettum 1, 700 Egilsstöðum

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir hjólbarðaverkstæði og smurstöð að Þverklettum 1 á Egilsstöðum barst 20.12.2019. Umsækjandi er Dekkjahöllin ehf., kt. 520385-0109.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 17. janúar sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 14. febrúar 2020.

Þar sem um endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi er að ræða og engar breytingar hafa orðið á staðsetningu og starfsemi fyrirtækisins var ekki leitað umsagna skipulags- og byggingafulltrúa.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi